



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Rekstrarleyfi fyrir Barnaheimilið Ós

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. apríl 2019 var lagt fram nýtt rekstrarleyfi fyrir Barnaheimilið Ós ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á rekstrarleyfi Barnaheimilisins Óss, dags. 4. apríl 2019.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs með þeirri breytingu að fram komi í rekstrarleyfi að það nái til 48 barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þarf af til 7 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í samræmi við fyrri ákvörðun skóla- og frístundaráðs eru gerðir samningar við Barnaheimilið Ós og Sælukot um sérstaka samninga vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða. Samningarnir eru liður í aðgerðaráætluninni Brúum bilið, munu fjölga þeim leikskólaplássum í borginni sem ætluð eru yngstu börnunum um rúmlega 30 og því ber að fagna.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Rekstrarleyfi fyrir Barnaheimilið Ós
Minnisblað dags. 4. apríl 2019

Rekstrarleyfi fyrir Barnaheimilið Ós

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Barnaheimilinu Ósi kt. 641073-0329 leyfi til að áframhaldandi reksturs Barnaheimilisins Ós, í húsnæði að Skerplugötu 1, 101 Reykjavík.

Fyrir liggja teikningar af húsnæðinu að Skerplugötu 1. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 48 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 7 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Athugasemdir eru frá Vinnueftirliti um burð á leirtau og mat á milli hæða sbr. lög og reglur 499/1994: Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar gr. 3, 4 og 5.

Skóla- og frístundasvið gerir þá kröfu vegna athugasemda Vinnueftirlitsins að börnin matist á 1. hæð hússins, þeirri hæð sem eldhúsið er staðsett á.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2011.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um opnun ungbarnaeildar í Barnaheimilinu Ósi

Fyrir liggur beiðni frá Barnaheimilinu Ósi um breytta samsetningu á barnahópnum í leikskólanum og um að bæta við ungbarnaeild.

Núverandi rekstrarleyfi leikskólans gerir ráð fyrir 48 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Greitt var framlag vegna 35 reykvískra barna í febrúar 2019.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 og í borgarráði þann 10. janúar 2019 var samþykkt tillaga varðandi ungbarnaeildir í sjálfstætt reknum leikskólum: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44._sfs_ungbarnaeildir.pdf

Umbeðin breyting uppfyllir það skilyrði framangreindrar samþykkrar tillögu að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi eykst að lágmarki um sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnaeildina.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að Barnaheimilinu Ós verði heimilað að vera með 48 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, þar af 7 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða.